

Lög

um

heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landstjórninni er heimilað að gera eða láta gera mælingar, uppdrætti, útreikninga, lýsingar, kostnaðaráætlanir og aðrar rannsóknir, er þarf til fullnaðardráttu að virkjun Sogsfossanna til orkunýtingar og veitu orkunnar til notkunarstaðanna, þar á meðal orkuveitur til almenningsþarfa. Í sambandi við þær er henni og heimilað að láta gera samskonar rannsóknir um lagningu járnbrautar frá Reykjavík til Sogsfossanna og um Suðurlandsundirlendið svo langt austur eftir, sem henni þykir ástæða til.

2. gr.

Ef landsstjórnin felur öðrum rannsóknum þessar, þannig að þeir menn, sem framkvæma þær, eru ekki í þjónustu hennar beinlínis, skal hún láta vinna allt rannsóknartarfið í samráði við og undir eftirliti verkfræðings eða verkfræðinga, er hún skipar til þess, og mega þeir ekkert starf hafa á hendi fyrir þann eða þá, sem hafa tekið að sjer framkvæmd rannsóknarinnar, meðan hún stendur yfir. Verði vatnastjórn skipuð áður en rannsóknin kemur til framkvæmda, má landsstjórnin fela henni eftirlit það, er um ræðir í þessari grein.

3. gr.

Landstjórninni er heimilað að greiða kostnað allan við störf þau, er getur í 1. og 2. gr., úr landssjóði til bráðabirgða, en allur kostnaðurinn skal á sínum tíma, ef virkjun fossanna kemst í framkvæmd, teljast með virkjunarkostnaði þeirra, og endurgreiðast landssjóði af þeim, er heimild fær til virkjunarinnar, ef heimild verður veitt til að framkvæma hana á kostnað annara en landssjóðs, og skal greiðslan áskilin í heimildinni.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

73

27. júní

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Pjetur Jónsson.

Lög

um

tekjuskatt og eignarskatt.

74

27. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

L

Um tekjuskatt.

1. gr.

Hver maður heimilisfastur hjer á landi er skyldur, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum sínum.

Nú dvelur maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hjer á landi, og skal hann þá gjalda skatt, eins og hann dveldi að staðaldri í landinu.

2. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hjer á landi, en á hjer eignir og hefir tekjur af þeim eða af atvinnu eða sýslan, sem hjer eða hjeðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenskum skipum, sem eigi greiða skatt annarsstaðar, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi skatt-